



Alþingi
Erindi nr. P 130/734
komudagur 12.1.2004

Akranesi 28.12.2003

**Athugasemdir Laganefndar Lyfjafræðingafélags Íslands vegna frumvarps til laga um uppfinningar starfsmanna.
(þingskjal 359; 313. mál)**

Laganefnd telur mikilvægt að fram sé komið frumvarp um uppfinningar starfsmanna enda starfa margir lyfjafræðingar við rannsóknir og þróun. Meginmarkmið frumvarpsins er að skýra réttarstöðu starfsmanna og vinnuveitenda og skilgreina þau formsatriði sem ber að fylgja þegar fram kemur uppfirring sem hægt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

8. gr. Í greininni er að finna ákvæði sem tengjast réttarstöðu atvinnurekanda og starfsmanns við starfslok. Ekki verður séð að greinin eins og hún stendur skýri hvernig beri að fara með mál einstaklinga sem verða að hætta störfum sökum veikinda eða andláts skömmu fyrir umsókn um einkaleyfi.

Aðrar athugasemdir ekki gerðar

Fh Laganefndar Lyfjafræðingafélags Íslands

Ólafur Adolfsson
Hafrún Friðriksdóttir
Skúli Skúlason